

1862.

31. maím.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lán handa bæjarsjóðnum í Reykjavík.

Með bréfi 9. aprílm. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent dómsmálastjórninni bænarskrá frá bæjarstjórninni í Reykjavík kaupstað; er þar beðið um, að bænum verði veitt úr ríkissjóði 1600 rdl. lán rentulaust, til þess að bæta og gjöra við hús það, er gefið hefir verið til hins nýja barnaskóla í Reykjavík, en af láni þessu skyldi endurgoldið 5 eða 6 af hundraði á ári, eður, ef lánið geti eigi nú þegar orðið veitt leigulaust, að það þá verði veitt með þeim kjörum, að goldið sé í vöxtu af höfuðstólnum og til endurgjalds láninu 6 af hundraði á ári, þangað til málið yrði borið undir ríkisþingið, og úrskurður þess fenginn um, hvort veita mætti lánið leigulaust.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að að því leyti sem í bænarskránni er farið fram á, að Reykjavíkurbær fái lán úr ríkissjóði, þá verður þetta eigi veitt, en þar á móti leggur stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, samþykki sitt á, að bærinn megi taka lán, svo stórt sem fyr er getið, þar sem slíkt lán er að fá, uppá þá skilmála, að greiddir séu af því vextir og það aptur borgað á þann hátt, sem að ofan er getið.

31. maím.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lækkan á afgangi af jörðinni Eystri-Dalbæ.

Í bréfi 10. desemberm. f. á. hafi þér, herra stiptamtmaður, stungið upp á, að ábúandinn á Eystri-Dalbæ, sem er ein af jörðum Kirkjubæjar klausturs, fái linun í landskuldargjaldi af jörð þessari um 3 ár hin næstkomandi, þannig, að afgangur þetta sé lækkað um 10 álnir á ári, skuli 5 álnir þar af reiknaðar eptir meðalverði verðlagsskrár á ull, en 5 álnir á 8 skildinga hver alin; en til þess er talin sú ástæða, að á landi jarðarinn-

ar hafi orðið skemmdir miklar af sandfoki 3 síðustu árin, einkum veturinn 1860—61.

Í þessu efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut eiga að máli, að stjórnarráðið, eftir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um atvik málsins, fellst á þá uppástungu yðar, er nú var getið.

1862.
31. maím.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um aðgjörð á stólum í Bessastaðakirkju.

2. júnim.

Eptir að dómsmálastjórnin nú er búin að fá áætlun þá, er fylgdi bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 5. f. m., um það, hvað mikið fè muni þurfa til aðgjörðar á stólunum í Bessastaðakirkju, þá skal yður nú til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gætið þess, er með þarf í því efni, að frá hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekkert því til fyrirstöðu, að varið sé í þessum tilgangi hér um bil 100 rdl. af þeim 4000 rdl., sem til eru færðir í fjárhagslögum þessa árs, 9. gr. G. c, og skal yður hér með veitt vald til að ávísa síðan fè þessu úr jarðabókarsjóði Íslands þegar verkið er búið.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir afgreiðslu pósts í Skaptafells sýslu.

2. júnim.

Í bænarskrá þeirri, er hingað kom með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, 24. febrúarm. þ. á. hefir Gísli Thórarensen, prestur til Dyrhóla og Sólheima prestakalls í Skaptafellssýslu, sótt um að fá árlega þóknun fyrir afgreiðslu suðurlandspóstsins, þá er hann kemur til sýslu þessarar og fer þaðan aptur, í líking við það, sem veitt er öðrum, sem hafa á hendi starfa þenna án þess hann heyri til embættisskyldu þeirra. Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það hlutaðeiganda, að dómsmála-